

Stærðfræði 7. bekkur

Kennarar: Guðrún Anna Kjartansdóttir; Guðrún Ólafía Þorleifsdóttir;
Sigríður Sif Grímsdóttir

7

Skólaárið

2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Haustönn:

- Tölur
- Tölfræði og líkur
- Margföldun og deiling
- Rúmfræði

Vorönn:

- Mælingar
- Almenn brot og prósent
- Reikningur
- Mynstur og algebra

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Áfangalýsing:

Stærðfræðin verður kennd 4 sinnum í viku. Viðfangsefni stærðfræðinnar eru 8 kaflar talsins. Hver kafli verður byggður upp á svipaðan hátt og leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi/hvetjandi.

Uppbygging kennslustunda tekur mið af leiðsagnarmati og áhersla er á fjölbreytta nálgun viðfangsefna. Kennslustundir byggja á innlögnum, samræðum, samvinnuverkefnum, einstaklingsvinnu, spilum og gagnvirkum æfingum.

Námsaðlögun

Hver kafli byggir á leiðsagnarmati þar sem nemendur fá jafnt og þétt leiðsögn í því hversu vel þeim gengur. Í hverjum kafla velja nemendur sér dæmablöð eftir þyngdarstigi, frá einu chili að þremur chilium. Eitt chili er léttast en þrjú chili erfiðast og fyrir ofan þær væntingar sem almennt eru gerðar.

Námsefni verður aðlagð eftir þörfum.

Námsmat

Matið fer fram sem kennara- og sjálfsmat (brottfaraspjöld, forkannanir og lokamat).

Kaflaprófin í lok hvers kafla munu nýtast sem forkönnun. Forkönnun er tekin eftir hvern kafla.

Lokamat byggist á efni tveggja kafla (kaflar 1-2, 3-4, 5-6 og 7-8) og verður hæfnimat þess prófa sett inn á Mentor.

Námsgögn

Stika 3a og 3b, nemendabók og æfingahefti.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025

- Hæfnieinkunn (5 tákn)

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg viðfangsefni, beitt völdum hugtökum, þróað lausnaleyðir og miðlað öðrum af þekkingu sinni

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- nýtt sér námsvegg, vasareikna og önnur hjálpargögn

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Tölur og reikningur

- beitt ólíkum reikniáðgerðum og nýtt sér tengsl þeirra við útreikninga og mat á þeim

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Algebra

- unnið með mynstur og nýtt sér reglur algebrunnar við reikning

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Rúmfræði og mælingar

- teiknað, greint og skapað rúmfræðilega hluti og beitt undirstöðuhugtökum rúmfræðinnar

- nýtt sér þekkingu á völdum mælingum og mælieiningum

AS Stærðfræði 7. bekkur 2019 - 2025 - Tölfræði og líkindi

- geti unnið og notað tölfræðilegar upplýsingar á fjölbreyttan hátt, tekið þátt í umræðum og útskýrt niðurstöður sínar